

**3. Hafnarmannvirki (10–333 630).**

	Þús. kr.	Þús. kr.
1. Akranes . . . . .	–2 300	
2. Siglufjörður . . . . .	–11 400	
3. Grenivík . . . . .	–8 000	
4. Reyðarfjörður . . . . .	–3 300	
	<hr/>	–25 000

*Gjört í Reykjavík, 17. maí 1990.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Ólafur Ragnar Grímsson.*

**LÖG****um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins.****FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Íslenska ríkið er eigandi allra auðlinda á, í eða undir hafsbotninum utan netlaga og svo langt til hafs sem fullveldisréttur Íslands nær samkvæmt lögum, alþjóðasamningum eða samningum við einstök ríki.

Hugtakið auðlind samkvæmt lögum þessum tekur til allra ólífrænna og lífrænna auðlinda hafsbotnsins annarra en lifandi vera.

## 2. gr.

Enginn má leita að efnum til hagnýtingar á, í eða undir hafsbotninum utan netlaga, sbr. 1. gr., nema að fengnu skriflegu leyfi iðnaðarráðherra.

## 3. gr.

Óheimilt er að taka eða nýta efni af hafsbotni eða úr honum, sbr. 1. gr., nema að fengnu skriflegu leyfi iðnaðarráðherra.

## 4. gr.

Leyfi til hagnýtingar efna á, í eða undir hafsbotni skal bundið við ákveðið svæði og gilda til ákveðins tíma sem ekki má vera lengri en 30 ár. Í leyfisbréfi skal m.a. ætíð greina hverjar ráðstafanir leyfishafi skuli gera til að forðast mengun og spillingu á lífríki láðs og lagar.

## 5. gr.

Með reglugerð skal iðnaðarráðherra setja nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þar á meðal nánari ákvæði um þau leyfi sem um ræðir í 3. og 4. gr.

## 6. gr.

Brot á lögum þessum og reglugerðum, settum samkvæmt þeim, varða sektum eða varðhaldi, enda liggi ekki við þyngri refsingar samkvæmt öðrum lögum.

## 7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Peir, sem við gildistöku laganna taka efni af eða úr hafsbotni, skulu innan sex mánaða sækja um leyfi skv. 4. gr.

*Gjört í Reykjavík, 18. maí 1990.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Jón Sigurðsson.*

**L Ö G****um breytingu á lögum nr. 60/1981, um raforkuver, o.fl.**

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Niðurlag 1. mgr. 1. gr. laga nr. 60/1981 breytist þannig að við bætast tveir málslíðir sem orðist svo:

- að stækka Búrfellsvirkjun í allt að 310 MW afl,
- að stækka Kröfluvirkjun í allt að 60 MW afl.

## 2. gr.

Á eftir 2. mgr. 1. gr. laga nr. 60/1981 komi ný mgr. sem orðist svo:

Iðnaðarráðherra er heimilt að veita Hitaveitu Reykjavíkur leyfi til að reisa og reka jarðvarmavirkjun til raforkuframleiðslu á Nesjavöllum með allt að 76 MW afli, í tveimur áföngum (38 MW hvor áfangi), enda liggi fyrir samningur um rekstur hvors áfanga virkjunarinnar um sig sem hluta af raforkukerfi landsins.

## 3. gr.

2. gr. laga nr. 60/1981 orðist svo:

Röð framkvæmda við virkjanir og aðrar stórframkvæmdir í raforkumálum skal ráðast af væntanlegri nýtingu orkunnar og skal þess gætt að orkuöflunin verði með sem hagkvæmustum hætti fyrir þjóðarþúið. Við val á virkjunarkostum skal einnig leitast við að auka öryggi í vinnslu og flutningi á raforku um landið. Áður en iðnaðarráðherra ákveður röð framkvæmda skulu liggja fyrir greinargerðir frá Landsvirkjun, Orkustofnun og öðrum aðilum sem hann kveður til.